

Reykjavík, 30. maí 2002
/--

Efni: Kísilgúrvinnsla úr Ytriflóa Mývatns. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Texti bréfsins:

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Kísiliðjunnar við Mývatn að matsáætlun um kísilgúrvinnslu úr Ytriflóa Mývatns.

Skipulagsstofnun barst með bréfi dags. 11. september 2001 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Kísiliðjan við Mývatn. Kísilgúrvinnsla úr Ytriflóa Mývatns. Mat á umhverfisáhrifum, tillaga að matsáætlun. Hönnun hf., september 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Skútustaðahrepp, Byggðastofnun, Ferðamálaráði Íslands, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóra.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Skútustaðahrepp með bréfi dags. 24. september 2001, Byggðastofnun með bréfi dags. 24. september 2001, Ferðamálaráði Íslands með bréfi dags. 1. október 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 1. október 2001, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 21. september 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 25. september 2001, veiðimálastjóra með bréfi dags. 27. september 2001, Fuglaverndarfélagi Íslands með bréfi 24. september 2001 og Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN), með bréfi dags. 30. september 2001.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 9. okt. 2001 og 3. maí 2002.

Samkvæmt beiðni framkvæmdaraðila dags. 18. október 2001 var málsmeðferð frestað um óákveðinn tíma. Málsmeðferð var haldið áfram þar sem frá var horfið samkvæmt ósk framkvæmdaraðila þar um í bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 3. maí 2002.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR:

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila í

bréfum dags. 9. október 2001 og 3. maí 2002 með athugasemdum sem birtar eru að neðan.

Umrædd framkvæmd felst í áframhaldandi kísilgúrnámi úr Ytriflóa Mývatns 2-3 ár umfram það sem núverandi námuleyfi heimilar. Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu, við málsmeðferð og í úrskurðum um frekara mat á umhverfisáhrifum Kísilgúrnáms í Mývatni var byggt á þeirri forsendu að ekki yrði farið í frekara kísilgúrnám í Ytriflóa Mývatns. Úrskurðir Skipulagsstofnunar dags. 7. júlí 2000 og umhverfisráðherra dags. 1. nóvember 2000 um frekara mat á umhverfisáhrifum kísilgúrnáms í Mývatni, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að kísilgúrnám á ákveðnu svæði í Syðriflóa þurfi ekki að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, byggja þannig m.a. á þeirri forsendu að ekki verði farið í frekara kísilgúrnám í Ytriflóa. Vísað er til þess sem fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun: "Að mati Kísiliðjunnar stendur valið því á milli fyrirhugaðrar útvíkkunar í Ytriflóa, sem gefur 2-3 ára vinnslu til viðbótar því sem unnið verður innan núverandi námusvæðis og þess að færa vinnsluna yfir í Syðriflóa." ... "Ef samkomulag næst um vinnslu í Ytriflóa verður því fallið frá því að sækja um námuleyfi í Syðriflóa." Ef kísilgúrnám kæmi til álita í Syðriflóa jafnframt skv. fyrirnefndum úrskurði þyrfti m.a. að meta hugsanlega sammögnun áhrifa kísilgúrnáms úr Syðriflóa annars vegar og þess að fara í frekara kísilgúrnám í Ytriflóa samkvæmt þeirri hugmynd sem nú er kynnt hins vegar. Í ljósi þessa og fyrri málsmeðferðar og fyrirliggjandi úrskurða um mat á umhverfisáhrifum kísilgúrnáms úr Mývatni leggur Skipulagsstofnun því áherslu á að ákvörðun stofnunarinnar um tillögu að matsáætlun byggir á þeirri forsendu að ekki verði farið í kísilgúrnám í Syðriflóa.

Fyrirliggjandi og fyrirhugaðar rannsóknir og athuganir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að notaðar verði fyrirliggjandi rannsóknir og heimildir um umhverfi Mývatns og einnig farið út í sérstakar rannsóknir á umhverfisþáttum sem framkvæmdin er talin hafa áhrif á. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að þau gögn sem lögð verða til grundvallar mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar nái til þeirra nýju svæða í Ytriflóa sem fyrirhugað er að nema kísilgúr úr og miðist við þá framkvæmd sem lögð er fram nú. Þannig verði tryggt að svæðin utan núverandi námusvæðis í Ytriflóa fái fullnægjandi umfjöllun. Þá þarf í matsskýrslu að gera grein fyrir þeim atriðum sem varða Ytriflóa Mývatns sem fram koma í úrskurðarorðum Skipulagsstofnunar um frummat á umhverfisáhrifum Kísilgúrvinnslu í Mývatni dags. 3. nóvember 1999 n.t.t. 3., 5., 6., 7. og 8. tölulið, eins og fram kemur í svörum framkvæmdaraðila.

Núllkostur

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki sé um eiginlegan núllkost að ræða í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum heldur feli hann í sér í þessu tilviki kísilgúrnám úr Syðriflóa Mývatns sbr. úrskurð Skipulagsstofnunar dags. 7. júlí 2000 og úrskurð umhverfisráðherra 1. nóvember 2000 þar um. Skipulagsstofnun bendir á að skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum kallist það núllkostur þegar ekkert er aðhafst. Hvað varðar þessa framkvæmd, kísilgúrnám úr Ytriflóa, felist núllkostur í því að ekki verði farið í frekara kísilgúrnám í Ytriflóa. Hvorki hefur verið stundað kísilgúrnám úr Syðriflóa né sótt um leyfi til þess þótt fallist hafi verið á kísilgúrnám þar með skilyrðum í úrskurðum Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum. Því

telur Skipulagsstofnun ekki hægt að líta svo á að kísilgúrnám úr Syðriflóa sé nauðsynlega innifalið í grunnástandi á svæðinu. Um núllkost, að aðhafast ekkert, þarf því að fjalla í matsskýrslu í þeim skilningi að ekki verði af frekara kísilgúrnámi í Mývatni.

Næringarefni

Í tillögu að matsáætlun (kafla 5.5) kemur fram að í matsskýrslu verði skýrt frá gangi tilrauna til að draga úr rennsli næringarefna frá kísilgúrverksmiðjunni. Skipulagsstofnun bendir á að meta þarf árangurinn af þessum tilraunum eins og fram kemur í umsögn Náttúruverndar ríkisins.

Setþykkt

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins er bent á að gögn um setþykkt innst í Vogaflóa, milli Landteiga og Voga, séu ófullkomin og erfitt verði að meta hvað dýpkun geti orðið mikil þar. Skipulagsstofnun bendir á að taka þarf tillit til þessarar athugasemdar, eins og kemur fram í svörum framkvæmdaraðila, og leggja fram fullnægjandi gögn um setþykkt í Vogaflóa svo hægt verði að meta hvað dýpkun geti orðið mikil.

Samfélagsleg áhrif

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í matsskýrslu verði fjallað um samfélagsleg og efnahagsleg áhrif af starfsemi Kísiliðjunnar og áhrif af áformuðum breytingum á starfsemi Kísiliðjunnar. Í umsögn Ferðamálaráðs Íslands er gerð athugasemd við að ekki skuli ráðgert að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á ferðaþjónustu og útivist. Skipulagsstofnun tekur undir þetta og bendir á að umfjöllun um samfélagsleg áhrif í matsskýrslu þurfi að innifela mat á áhrifum framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu og útivist.

Skipulag

Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir breytingu sem gera þarf á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015. Þarna er átt við umfjöllun um fyrirhuguð ný námusvæði og staðsetningu þeirra.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit :

Skútustaðahreppur, Byggðastofnun, Ferðamálaráð Íslands, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Náttúruvernd ríkisins, veiðimálastjóri, Fuglaverndarfélag Íslands og Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN).